

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Símon H. Ívarsson  
gítarleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 15. júlí 1997 kl. 20:30

**Símon H. Ívarsson** stundaði gítarnám við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Gunnari H. Jónssyni. Vorið 1975 lauk hann fullnaðarprófi frá skólanum en þá um haustið hóf hann nám við Hochschule für Musik und darstellende Kunst í Vínarborg hjá prófessor Karl Scheit. Þaðan lauk hann einleikarprófi vorið 1980. Símon starfaði síðan sem gítarkennari við Tónlistarskólann í Luzern í Sviss, en er nú kennari við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Hann kennir auk þess kennslufræði og kammertónlist við sama skóla. Símon hefur sótt námskeið, meðal annars til Spánar, Ítalíu, Sviss og Austuríkis. Hann hefur einnig sérhæft sig í flamenco tónlist og farið sérstakar námsferðir til Spánar í þeim tilgangi.

Símon hefur farið í margar tónleikaferðir hérlendis sem erlendis. Hann hefur leikið inn á plötur og gefið út myndbandsspólu með leik sínum. Símon hefur margsinnis komið fram í útvarpi og sjónvarpi, stjórnað útvarpsþáttum um gítar og gítartónlist og hlotið námsstyrk frá ítalska ríkinu. Undanfarin ár hefur Símon einbeitt sér að því að leika íslenska tónlist og þá sérstaklega eftir Gunnar Reyni Sveinsson. Í samstarfi við hann hafa orðið til einleiksverk fyrir gítar, en einnig dúettar og stutt verk fyrir byrjendur.

Upphaf flamenco tónlistar má rekja til þess tíma er Márar réðu ríkjum á Spáni. Flamenco tónlistin hefur borist frá föður til sonar, frá einni kynslóð til annarar og verið í stöðugri þróun allt fram til dagsins í dag og heillað fólk um allan heim. Þrátt fyrir ólíkan menningarbakgrunn og aðstæður hafa Íslendingar hrifist af þessari tónlist. Hún er ótrúlega litrík og fjölpætt og kemur sífellt á óvart. Sterkar andstæður, kraftmikill hrynjandi og tjáning djúpstæðra tilfinninga endurspeglast í tónlistinni. Flamenco tónlistin hefur oft verið kölluð spánskur blús þar sem inntak laganna er sorgin, von um betra líf og ást í meinum. Í stöðugt harðnandi heimi á þessi tónlist einnig erindi við okkur í dag. Gítarinn er svo til eina hljóðfærið sem notað er í flamenco og eiginleikar hljóðfærisins koma fram á fjölbreyttan og heillandi máta.

## *Efnisskrá*

### *Flamenco tónlist*

COLOMBIANA

(Símon H. Ívarsson)

GRANADINA MEDIA

(Símon H. Ívarsson)

SOLEA POR BULERIAS

(Símon H. Ívarsson)

FANDANGO GRANDE

(A. Castellón „Sabicás“)

RUMBA GITANA

(Símon H. Ívarsson)

RONDENA

(Símon H. Ívarsson)

GUAJIRAS

(A. Castellón „Sabicás“)

SOLEARES

(Símon H. Ívarsson)

BULERIAS LA GOLBE

(Símon H. Ívarsson)